

Íslenskur iðnaður

SI Fréttablað Samtaka iðnaðarins

12. tbl. • 10. árg. Desember 2004



Meðal efnis:

Ritstjórnargrein

Átak til að verjast kennitölufлакki



2

Iðnþing Samtaka iðnaðarins

18. mars nk.

3



Samtök iðnaðarins

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík

Færir Iðnskólanum listaverk að gjöf

5



Ráðgjafaráðsfundur

Samtaka iðnaðarins 11. nóvember


8-9



Félag íslenskra gullsmiða

80 ára

10



*Samtök iðnaðarins
óska félagsmönnum
sínun og öðrum
lesendum
gleðilegra jóla,
árs og friðar*



Átak til að verjast kennitölflakki

Auglýsingar SI og frásagnir í Íslenskum iðnaði af kennitölflakki og svikum í viðskiptum hafa vakið mikil viðbrögð. Af þeim viðbrögðum að dæma er vandamálið stærra og alvarlegra en flesta grunar. Margir hafa haft samband og sagt ófagarar sögur, sem til þessa hafa legið í þagnargildi. Engu er líkara en að menn veigri sér við því að segja frá eigin óförum í viðskiptum við ránsmenn. Skammist sín fyrir að hafa gengið í gildruna og látið ræna sig.

Leitið upplýsinga um eigin viðskiptamenn

Það er greinilega þörf á samstilltu átaki til að hemja þessa óværu í íslensku viðskiptalífi. Best er að byrja umbótastarfið heima fyrir og það er greinilega ástæða til að hvetja seljendur vöru og þjónustu til að afla sér upplýsinga um viðsemjendur sína. Sem betur fer er safnað upplýsingum um viðskiptasögu fyrirtækja og einstaklinga og slíkar upplýsingar eru aðgengilegar hjá fyrirtækjum á borð við Lánstraust hf.

Flakkað á milli birgja

Flest fólk er sem betur fer heiðarlegt og gengur út frá því að viðskiptavinir sínir séu það einnig. Reynslan sýnir hins vegar að margir hafa farið flatt á viðskiptum við óreiðumenn og kennitölflakkara sem einskis svífast. Því er full ástæða til að vera á verði og afla sér upplýsinga um viðsemj-

endur áður en stofnað er til umtalsverðra viðskipta. Talsvert er einnig um að fyrirtæki sem eru komin eða eru að komast í þrot fari á milli og skipti um birgja og undirverktaka. Flestir taka nýjum viðskiptamönnum opnum örmum en allt of fáir hafa fyrir því að kanna hvernig ferill nýja viðskiptamannsins hefur verið.

Skyld að hætta vonlausum rekstri

Þá er rétt að minna stjórnendur og eigendur fyrirtækja sem standa höllum fæti á ábyrgð sína á því að halda ekki áfram í vonlausum rekstri löngu eftir að öll von er úti um að vinna megi sig út úr vandanum. Með því að halda slíkum rekstri áfram er einungis verið að skaða viðskiptavinum enn frekar og jafnvel geta menn bakað sjálfum sér skaðabótaábyrgð. Raunar er ótrúlega fátítt að látið sé á hana reyna.



Þáttur fjármálastofnana

Átak til að stemms stigu við svikum og kennitölflakki skilar tæpast árangri nema fjármálastofnanir taki fullan þátt í því. Allt of algengt er að lánastofnanir aðstoði kennitölflakkara við að halda áfram uppteknum hætti og of mörg dæmi eru um að lánastofnanir taki þátt í að skipuleggja það sem kalla mætti vel undirbúið gjaldþrot. Þrotamaður heldur síðan áfram rekstri og bankaviðskiptum eins og ekkert hafi í skorist. Fjármálastofnanir geta ekki sóma síns vegna aðstoðað óreiðumenn við að ræna viðskiptamenn sína.

Opinber innkaup

Síðast en ekki síst verða opinberir aðilar, sem standa fyrir opinberum innkaupum og framkvæmdum, að varast að skipta við kennitölflakkara og svikahrappa. Samtök iðnaðarins telja að opinberir aðilar geti með einfaldri breytingu á verklagi komist hjá því að eiga viðskipti við slíka aðila. Þau hafa ritað Reykjavíkurborg bréf þar sem lagt er til að breyting í þessa veru verði gerð á 23. gr. innkaupareglu borgarinnar. Þá hefur Framkvæmdasýslunni, Ríkiskaupum, Vegagerðinni og Landsvirkjun verið ritað bréf með samhljóðandi tillögu að ákvæði í útboðslýsingar.

Í VI. kafla laga um opinber innkaup nr. 94/2001 er mælt fyrir um þær kröfur sem verkkaupi skuli gera til hæfni bjóðanda og heimild hans til að vísa bjóðanda frá. Gert er að skilyrði að bjóðandi sé ekki undir né hafi óskað eftir gjaldþrotaskiptum, hafi ekki fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða sé í annarri sambærilegri stöðu. Alvarleg vanræksla í starfi eða röng upplýsingagjöf um fjárhagslega getu á samkvæmt lögnum að útiloka fyrirtæki frá viðskiptum í opinberum innkaupum.

Engum í hag að beina viðskiptum til kennitölflakkara


Undanfarið hefur komið fram að opinberir aðilar héraendis skoði lítt eða ekki viðskiptasögu bjóðanda í útboðum. Meginhlutverk innkaupastofnana lögum samkvæmt er þó að tryggja hagkvæmni í meðferð almannafjár og stuðla að samkeppni á jafnræðisgrunni. Lög um opinber innkaup mæla skýrt fyrir um að þær aðstæður sem einkenna kennitölflakkara þ.e. vanskil og greiðsluþrot, útiloki samningsgerð.

Fyrir nokkrum árum tókst með sameiginlegu átaki aðila vinnumarkaðarins og opinberra innkaupastofnana að stemma stigu við gerviverktöku. Þá var aðferðin sú að taka upp sérstakt samræmt ákvæði í útboðslýsingar. Nú gera Samtök iðnaðarins sams konar tillögu um samræmt ákvæði til höfuðs kennitölflakki. Hún er efnislega svohljóðandi:

Sé kennitala bjóðanda nýrri en 5 ára skal kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot sbr. 28. gr. laga um opinber innkaup (gjaldþrot, nauðarsamninga, greiðslustöðvun ofl.) ber að vísa bjóðanda frá, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur, í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

Það er skoðun Samtaka iðnaðarins að þetta breytta verklag við opinber innkaup geti ásamt samstilltu átaki fjármálastofnana og annarra fyrirtækja skipt sköpum til að stemma stigu við ómældu tjóni sem kennitölflakkarar baka íslensku atvinnulífi og heiðarlegum þátttakendum á markaði.

Sveinn Hannesson



Samtök iðnaðarins

ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
12. töl. Desember 2004
ISSN 1022-7741
Fór í prentsmiðju: 17.12.2004
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: forsíðumyndin er af Hágöngum,
Ljósmyndasafn RTh ehf., bls. 7 Ljósmynd. RTh ehf.,
Sverrir Vilhelmsson bls. 12
Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir, Ingi Bogi Bogason
Fjölmíðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Íslensk bókmenntaverðlaun - íslensk prentun

Allar bækur tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna prentaðar í Odda

Tilnefningar til íslensku bókmenntaverðlaunanna 2004 voru tilkynntar sl. sunnudag. Nú sem oftast völdu tvær þriggja manna dómnefndir fimm bækur úr hvorum flokki, fagurbókmennta og fræðiriti. Markmið verðlaunanna er að styrkja stöðu frum-saminnna íslenskra bóka, efla vandaða bókaútgáfu, auka umfjöllun um bókmenntir í fjölmiðlum og hvetja almenna lesendur til að ræða um bókmenntir. Í ár lögðu útgefendur alls fram 42 bækur í flokki fagurbókmennta og 27 í flokki fræðibóka og rita almenns efnis. Í heild er hér um að ræða fleiri verk en í fyrra.



Það er athyglisvert að allar bækurnar 10, sem hlutu tilnefningu í ár, eru prentaðar í prentsmiðjunni Odda. Prentsmiðjan fagnaði 60 ára afmæli sínu á síðasta ári og alla tíð hefur bókaprentun verið ein af hornsteinum fyrirtækisins en samkvæmt upplýsingum frá Odda má ætla að fyrirtækið prenti hátt í 500 þúsund eintök af bókum fyrir þessi jól.

Það er mikið ánægjuefni að öll flaggskip íslenskrar bókaútgáfu skuli vera prentuð á Íslandi og vitnar sem fyrr um gæði íslensku prentiðnaðar. Samkeppni á prentmarkaði hefur líklega aldrei verið meiri en nú og í



bókaprentuninni kemur hún einkum frá erlendum prentsmiðjum. Líkt og segir í frétt á vefsetri Odda er eina ráðið til að standast þá samkeppni „stöðug tækni-

þróun, vöruvöndun og starfsfólk sem býr yfir sérþekkingu og ómældum metnaði.“ Enginn vafi leikur á því að íslenskar prentsmiðjur standast þann samanburð við erlendar og ríflega það. Staðreyndin er sú að íslenskur prentiðnaður skarar fram úr þeim erlenda á mörgum sviðum, ekki síst hvað varðar gæði prentverksins, enda sýna tilnefningar til íslensku bókmenntaverðlaunanna glögg að metnaðarfyllstu verkin eru prentuð hér á landi.

Haraldur Dean Nelson

Uppsagnarfrestur verkamanna

Athygli félagsmanna er vakin á nýjum og breyttum uppsagnarfresti starfsfólks. Þann 1. mars sl. breyttist uppsagnarfrestur verkamanna sem fá greitt eftir samningum Flóabandalagsins og Starfsgreinasambandsins.

Nú skiptir ekki lengur máli hvort starfsmenn eru á viku- eða mánaðarlaunum, uppsagnarfresturinn er sá sami. Fyrstu tvær vikurnar í starfi er enginn uppsagnarfrestur. Eftir tveggja vikna samfellt starf hjá sama atvinnurekanda er fresturinn 12 almanaksdagar. Eftir þrjú mánuði samfellt í starfi hjá sama atvinnurekanda er hann einn mánuður m.v. mánaðamót. Eftir þrjú ár samfellt í starfi hjá sama atvinnurekanda er fresturinn þrjú mánuðir og miðast við mánaðamót.

Mikilvægt er að hafa í huga að uppsögn skal vera skrifleg.

Árni Jóhannsson

Iðnþing Samtaka iðnaðarins 2005



Samtök iðnaðarins

Iðnþing Samtaka iðnaðarins verður haldið 18. mars nk. í Versölum, Hallveigarstíg 1.

Dagskrá Iðnþings verður birt í febrúarblaði Íslensks iðnaðar og á vefsetri SI www.si.is.

Árshóf Samtakanna verður að venju haldið að kvöldi sama dags og hefst kl. 19.30 með fordrykk í boði SI.



Árangursríkt átaksverkefni í endurmenntun

Fimmtán nýsveinar í bókbandsíðn



Haustið 2003 var ófaglærðu starfsfólki í bókbandi með a.m.k. tíu ára starfsreynslu boðið að hefja nám til sveinsprófs í bókbandsíðn.

Prenttæknistofnun stóð fyrir verkefninu með stuðningi Starfsmenntasjóðs og skipu-

lagði verklegan þátt námsins en fagbóklegur og bóklegur þáttur þess var í umsjón Iðnskólans í Reykjavík. Skipulag námsins var sérniðið að þörfum hópsins en inntak þess tók mið af aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins í hvívetna.

Sautján starfsmenn bókbandsstofa í

Efri röð frá vinstri: Sigurbór Örn Guðmundsson, Magnús Arnarsson, Ingólfur Guðmundsson, Alda Skarphéðinsdóttir, Guðveig Nína Guðmundsdóttir, Hinrik Stefánsson, Perla Guðmundsdóttir og Baldvin Viðarsson.

Neðri röð frá vinstri: Bryndís Valtýsdóttir, Edda Sigríður Sigurbjarnardóttir, Soffía Guðbjört Ólafsdóttir, Elísabet Árnadóttir, Helga Sigurðardóttir og Brynhildur Bára Ingjaldsdóttir. Á myndina vantar Höllu Snorradóttur

Reykjavík og á Akureyri þágu boðið og fimmtán þeirra luku sveinsprófi. Þeir fengu sveinsbréf sín afhent með viðhöfn 12. nóvember eftir strangt nám samhliða vinnu.

Haraldur Dean Nelson

Aðalfundur SUT 2004

Aðalfundur Samtaka íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja – SUT – var haldinn 19. nóvember sl. Á fundinum fór Ingvar Kristinsson formaður yfir starfsemi ársins. Í upphafi starfsárs setti stjórnin sér tiltekin áhersluverkefni í samræmi við framtíðarsýn og stefnu sem unnin var 1998 og svo aftur 2002. Starfið snerist meira og minna um áhersluverkefnið og m.a. fjallað um stöðu þeirra á þremur félagsfundum sem haldnir voru á árinu.

Ingvar sagði m.a. að vöxtur greinarinnar hér á landi hefði ekki verið eins hraður og í nágrennalöndunum og ástæðan væri sú að tiltekin stöðnun hefði orðið í greininni. Heildarvelta greinarinnar síðustu þrjú ár hefði verið um 20 milljarðar króna og væri á svipuðu róli á þessu ári þannig að vöxturinn væri ekki mikill og ekki í samanburði við það sem gerist í nágrennalöndunum.

Starfsfólki hefur fækkað um 500 eða úr réttum 2600 starfmönnum í 2100 en að sama skapi hefur velta á hvern starfsmann aukist og er nú rétt undir 10 milljónum króna. Gera þarf mun betur í þeim efnum til að bæta arðsemi greinarinnar.

Vöxtur í útflutningi hefur verið töluvert mikill en gera þarf betur þar sem tiltekin metnun er á heimamarkaði. Tækifærin eru vissulega fyrir hendi og þau þarf að nýta með markvissum hætti. Öflugur stuðningur frá stjórnvöldum og annars staðar í umhverfinu er mjög mikilvægur til að ná þeim árangri.

Stuðningur hins opinbera stjórnkerfis fylgir ekki eftir þeirri breytingu sem átt hefur sér stað í samsetningu atvinnuúlfinsins á sama hátt og gert er víða erlendis. Mikilvægt er að vekja athygli á þessum miklu breytingum og að þær endurspeglí stuðning opinbera kerfisins – bæði varðandi stuðning við rannsóknir- og þróunarstarf og í heild.

Ingvar sagði að UT-greinin ætti að sam- einast um að skila í framtíðinni 10% af þjófartekjum eins og kom fram í framtíðarsýn greinarinnar frá árinu 2002.

Ný stjórn SUT var kosin á aðalfundinum

og hana skipa: Ingvar Kristinsson, Landsteinum-Streng, formaður, Páll Freysteinnsson, Hug, Ágúst Guðmundsson, Tölvumíðlun, Guðni B. Guðnason, ANZA, Guðmar Guðmundsson, Tölvumyndum, Ólafur Daðason, Hugviti og Guðný Káradóttir, Gagaráin.

Guðmundur Ásmundsson





Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík gefur Iðnskólanum listaverk

Iðnskólinn í Reykjavík hélt aldar afmæli sitt hátíðlegt hinn 30. september síðastliðinn en hann var fyrst settur 1. október árið 1904. Stofnandinn var Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík en forsaga skólans var löng.

Menntun iðnaðarmanna var eitt af markmiðum reykvískra iðnaðarmanna með stofnun Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík 3. febrúar árið 1867.

Félagið stofnaði kvöldskóla til að sinna alþýðufræðslu árið 1869 en vegna ýmissa erfiðleika lagðist hann af vorið 1873. Um haustið sama ár stofnaði félagið sunnudagaskóla fyrir handiðnaðarmenn og fór kennslan fram á sunnudögum. Þetta skólahald var rekið með hléum fram til ársins 1890 þegar það lagðist af vegna fjáskorts.

Skólinn var endurvakinn árið 1893 og var kennt við skólann þótt erfiðleikar væru oft miklir. Á félagsfundum árið 1901 skýrði formaður félagsins frá þeirri fyrirætlan að koma á fót reglubundnum kvöldskóla með styrk frá Alþingi.

Hinn fyrsta október árið 1904 var Iðnskólinn í Reykjavík settur í fyrsta sinn og við þá dagsetningu er stofnun Iðnskólans í Reykjavík miðuð. Kennsla hófst í nýju húsi sem reist var við Tjörnina haustið 1906 og þar var skólinn til húsa allt til ársins 1955 þegar hann fluttist í nýja glæsilega byggingu á Skólavörðuholti.

Ríkissjóður og Reykjavíkurbær tóku við rekstri skólans 1. október árið 1955 og var þar með lokið þætti Iðnaðarmannafélagsins í rekstri skólans.

Þegar litið er til þessarar sögu er ekki hægt að horfa fram hjá því að taugar



iðnaðarmanna til Iðnskólans í Reykjavík eru sterkar. Væntanleg tímamót í sögu skólans voru oft til umræðu á fundum í félaginu. Ræddar voru ýmsar hugmyndir um hvernig helst mætti sýna skólanum vinsemi okkar og virðingu á þessum tímamótum.

Félagið valdi þá leið að setja upp sýningu í skólanum þar sem það kynnti starfsemi sína og ennfremur að fá viðurkenndan listamann til að skapa listaverk sem minnti á sameiginlega sögu Iðnaðarmannafélagsins og Iðnskólans í Reykjavík.

Á sýningunni var sagt frá starfsemi félagsins með stuttum, hnitmiðuðum texta á veggspjöldum og kynnt nýtt vefsetur sem félagið tók í notkun á afmælisdegi skólans (imfr.is).

Helgi Gíslason, myndhöggvari, var fenginn til að gera listaverkið og því hefur verið valinn staður við Iðnskólabygginguna, þar sem það blasir við helstu aðkomuleiðum að skólanum. Listamaðurinn valdi verkinu nafnið Mentor sem er latnesk heiti og þýðir lærimeistari eða fyrirmynd sem hægt er að miða við í leit að faglegri fullkomnun.

Félagsmönnum þótti við hæfi að Gissur Símonarson, heiðursfélagi Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík og fyrrum formaður þess, afhjúpaði listaverkið ásamt Helga Einarssyni, formanni Iðnnemasambands Íslands. Með því að velja aldinn heiðursfélaga sem unnið hefur mikið og óeigin-gjarnt starf að málefnum iðnaðarmanna og iðnnema, sem stendur á þröskuldi starfsævi sinnar, vildum við minna á þrautseigju iðnaðarmanna sem allt frá árinu 1867 hafa haft það að markmiði sínu að byggja upp vel menntaðar stéttir iðnaðarmanna og standa vörð um menntakerfi iðnaðarmanna um ókomna framtíð.

Ásgrímur Jónasson, formaður Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík





Félagsmenn á Suðurnesjum heimsóttir

Undanfarin ár hefur stjórn Samtaka iðnaðarins lagt land undir fót að hausti eða í vetrarbyrjun og farið í kynnisferð til félagsmanna SI úti á landsbyggðinni. Að þessu sinni lá leiðin suður á Reykjanes en þar voru sótt heim fyrir tækin Kaffitár ehf., Ofnasmiðja Suðurnesja ehf., Hótel Keflavík, Hjalti Guðmundsson ehf. og Bláa lónið heilsuvörur ehf. Síðast en ekki síst fræddi Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, ferðalangana um nýtt athafnasvæði við höfnina í Helgúvík.




Kaffitár

Fyrsti viðkomustaðurinn var Kaffitár sem hefur aðsetur í Njarðvík. Aðalheiður Héðinsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins og einn eigenda, tók á móti gestum í nýjum, glæsilegum höfuðstöðvum Kaffitárs og kaffiilmurinn, sem lagði að vitum gesta, gaf góð fyrirheit. Fyrirtækið var stofnað fyrir 14 árum og óhætt er að segja að það hafi markað nokkur spor í kaffiframleiðslu hér á landi og haft mikil áhrif á kaffineyslu landsmanna enda er aðall fyrirtækisins nýbrennt og malað kaffi eftir kúnstarinnar reglum. Kaffitár rekur nú kaffihús á þremur stöðum, í Kringlunni, Bankastræti og höfuðstöðvum sínum í Njarðvík. Auk þess rekur fyrirtækið expressóbar sem opnaður var í Leifsstöð í sumar. Starfsmenn Kaffitárs eru 75 talsins.

Ofnasmiðja Suðurnesja og Hótel Keflavík

Frá Kaffitári lá leiðin til Keflavíkur í Ofnasmiðju Suðurnesja sem var stofnuð árið 1972. Steinþór Jónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að Ofnasmiðja Suður-



nesja sé nú langstærsti framleiðandi ofna á Íslandi með 15 – 20 starfsmenn. Þar eru framleiddir svonefndir Runt-yl ofnar en Vor-yl ofnar eru fluttir inn frá Belgíu. Auk þess framleiðir fyrirtækið ýmsar gerðir handklæðaofna. Steinþór segir að fyrirtækið sé með 8-9 þúsund ofna á lager og selji ofna fyrir um 200 milljónir króna ár ári.

Steinþór er einnig framkvæmdastjóri Hótel Keflavíkur sem var reist árið 1986 en þá var ekkert hótel í Keflavík enda ekki talinn fræðilegur möguleiki á að reka hótel á Suðurnesjum. Þeir feðgar Jón William Magnússon og Steinþór létu úrtölur þó ekki á sig fá réðust í framkvæmdir og nú eru þar 70 gistiherbergi. „Í þessum bransa voru allir að gera það sama og við urðum að bjóða eitthvað sem ekki var í boði annars staðar svo sem að geyma bíla meðan eigendurnir eru erlendis og aka fólki upp á flugvöll.“ Steinþór segir að hluti hótelsins sé samnýttur með Ofnasmiðjunni og þannig náist niður kostnaður.

Mikið landrými, alþjóðlegur flugvöllur og góð höfn

Undir borðum á Hótel Keflavík fræddi Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, hópinn um hið nýja iðnaðarsvæði við Helgúvík. Reykjanesbær er nú fimmta stærsta sveitarfélag á landinu og Árni segir að fjárhagsleg staða sveitarfélagsins sé nokkuð góð. Hins vegar standi bærinn höllum fæti hvað varðar útsvars- og fasteignagjöld þar sem svæðið sé lágláunarsvæði en sveitarfélagið þurfi að veita samþættingu þjónustu og þau sveitarfélög sem fá hærri tekjur. „Við verðum bara að gera

hlutina á hagkvæmari hátt ef ekki á illa að fara.“

Árni vekur athygli á því hve stutt sé í raun milli staða á suðvesturhorninu, allt frá Grundartanga til Reykjanesbæjar og tækifærin séu alls staðar á þeim skika. „Eitt af því sem við viljum gera er að skipuleggja Reykjanesið þannig að það sé eitthvert vit í hvar við erum með atvinnustarfsemi, þjónustu og íbúðarhúsnæði svo að eitt rekist ekki á annars horn.“

Helgúvík hefur verið skipulögð sem flutningahöfn og þar verður mjög góð aðstaða fyrir stórflutninga að mati Árna. Hann segir stórkostleg tækifæri felast í að vera bæði með skipahöfn og flugvöll og svæðið milli hafnar og vallar hafi verið skipulagt fyrir þjónustu og iðnað en íbúðabyggð muni þróast meðfram ströndinni. „Það hljóta að felast mikil tækifæri í því svæði sem á mikið land, eina bestu höfn til framtíðar sem völ er á, alþjóðlegan flugvöll og sterka tengingu inn á höfuðborgarsvæðið.“

Verktakafyrirtækið

Hjalti Guðmundsson ehf.

Andrés Hjaltason, framkvæmdastjóri, tók á móti stjórnarmönnum í Fjölbrotaskóla Suðurnesja í Keflavík og sýndi þeim nýja álmu sem fyrirtækið hafði byggt í kjölfar alútboðs og skilað af sér fyrir skömmu. Þar með eykst húsrými skólans um þrjú þúsund fermetra.

Fyrirtækið Hjalti Guðmundsson ehf. var stofnað árið 1960 og hefur aðallega sinnt útboðsverkum. Núna er fyrirtækið að byggja 3000 fermetra byggingu sem á að hýsa Akurskóla í Innri-Njarðvík en því verki á að ljúka í ágúst á næsta ári og uppsteyptu 24 íbúða fjölbýlishúsi við Pósthús-





stræti á einnig að skila uppsteyptu á næsta ári. Á síðasta ári var lokið smíði 7 hæða 25 íbúða fjölbýlishúss í Keflavík og árið 2002 var lokið við fjögurra hæða fjölbýlishús með 25 leiguíbúðum fyrir aldraða. Sama ár byggði fyrirtækið einnig dælu- og hreinsistöð í Ytri-Njarðvík en samningsfjárhæðin nam um 105 milljónum króna svo að getið sé nokkurra þeirra verkefna sem Hjalti Guðmundsson ehf. hefur unnið að á undanförunum árum.

Bláa Lónið heilsuvörur ehf.

Að síðustu lá leiðin í Bláa Lónið þar sem Anna Sverrisdóttir, aðstoðarframkvæmdastjóri, tók á móti hópnum. Starfsemi Bláa Lónsins er þrjúþætt, rekstur heilsulindar, húðlækningastöðvar og þróun og markaðssetning húðverndarvara. Þær eru byggðar á virkum efnun Bláa Lónsins og þróaðar í samvinnu við færustu húðlækna, lyfjafræðinga og franska snyrtivörusérfræðinga. Fyrstu vörurnar komu á markað árið 1995 og nú eru framleiddar um 40 tegundir sem skiptast í nokkra vöruflokka.



Verið er að hanna nýjar umbúðir fyrir húðvörurnar og þær verða m.a. til sölu í nýrri verslun sem verður opnuð í Leifsstöð innan tíðar.

Bláa Lónið hefur rekið meðferðarstöð fyrir psoriasisjúklinga frá 1993. Sú meðferð hefur hlotið viðurkenningu íslenskra heilbrigðisyrvalda. Anna segir að orðspor stöðvarinnar hafi borist víða því að fólk úr öllum heimshornum leiti þangað vegna psoriasis og arfgengra húðsjúkdóma. Nú er

verið að hefja markaðssetningu nýrrar meðferðarstöðvar sem er í byggingu en stefnt er að því að taka stöðina í notkun í apríl næstkomandi.

Gestir Bláa Lónsins eru um 350 þúsund á ári og fjölgar stöðugt enda koma þangað 75-80% allra útlendinga sem sækja landið heim. Bláa Lónið hóf starfsemi sína árið 1992, starfsmenn eru um 90 talsins og veltan nemur tæpum 700 milljónum á ári.

Þóra Kristín Jónsdóttir

Samstarf á sviði líftækni

Aukið virði sjávarfangs

Samtök iðnaðarins og AVS - rannsóknarsjóður í sjávarútvegi hafa gert með sér samstarfssamning. Hann felur í sér að Samtök iðnaðarins taka að sér verkefnisstjórn fyrir Líftæknihóp AVS.

Grundvöllurinn fyrir samningnum er sá að Samtök iðnaðarins hafa haft frumkvæði að því að stofna til samstarfs líftækni-fyrirtækja með stofnun Samtaka íslenskra líftækniyrirtækja (SÍL) en tilgangur þeirra er að vinna að hagsmuna- og stefnumálum íslenskra líftækniyrirtækja. Þegar hafa sex fyrirtæki gerst aðilar og vonir standa til að þeim fjölgi á næstunni

AVS - rannsóknarsjóður veitir styrki til rannsóknaverkefna, sem auka verðmæti sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni sjávarútvegsins. Styrkir eru veittir til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis. Eitt af áherslusviðum AVS er líftækni og sérstök stjórn fer með allar umsóknir er lúta að verkefnum á sviði líftækni.

Samtök iðnaðarins og AVS eru sammála um mikilvægi þess að auka samstarf á sviði líftækni til að efla og styrkja þessa

vaxandi atvinnugrein. Samningnum er ætlað að vinna að þeim markmiðum á þann hátt að Samtök iðnaðarins taki að sér verkefnisstjórn fyrir Líftæknihóp AVS en jafnframt að AVS leggi sitt af mörkum til eflingar starfi SÍL. Með þessum hætti er ætlunin að stuðla að markvissri uppbyggingu og stefnumótun greinarinnar.

Bryndís Skúladóttir, efnaverkfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, verður verkefnisstjóri Líftæknihóps AVS. Verkefnið felur m.a í sér vinnu við mat umsókna, þátttöku í samstarfsverkefnum, t.d með Öndvegissetri líftækni á Akureyri og Útflutningsráði Íslands. Ennfremur á að stuðla að auknu samstarfi

fyrirtækja, samtaka og stofnana sem tengjast líftækni hérlendis. Samningurinn gildir fyrir næsta ár en aðilar eru sammála um að ef vel tekst til verði hann framlengdur. Vefsetur AVS - rannsóknarsjóðs í sjávarútvegi www.avs.is.

Jón Steindór Valdimarsson





Nýr háskóli til uppbyggingar atvinnulífsins

Á ráðgjafaráðsfundi Samtaka iðnaðarins 11. nóvember síðastliðinn var fjallað um nýjan háskóla sem SI, SA og VÍ eiga aðild að. Stefanía Katrín Karlsdóttir, rektor THÍ, og Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku, fluttu erindi um væntingar og áherslur atvinnulífsins í þessu sambandi.

Starfsemi THÍ árangurstengt



Stefanía Katrín kvað nýja stjórnendur THÍ hafa lagt mikla áherslu á að byggja upp rannsóknir innan skólans. Í ár hlaut Tækniháskólinn 25 milljóna króna ríkisframlag til rannsókna en það er í fyrsta

sinn sem ríkið viðurkennir í verki rannsóknahlutverk THÍ. Reksturinn var hallalaus á þessu ári en Tækniskólinn var um margra ára skeið rekinn með halla.

„Rannsóknafé er úthlutað tilteknum verkefnum,“ sagði Stefanía. „Kennarar fá ekki fast rannsóknahlutfall en keppa innbyrðis um að fá framlag til verðugra verkefna. Úthlutunarkerfið er markmiða- og árangurstengt.“

Námsframboð er í fjórum deildum: rekstrardeild, heilbrigðisdeild, tæknideild og frumgreinadeild. Í þremur fyrstu deildunum er boðið fram nám til BS prófs en frumgreinadeild felur í sér sérhæft undirbúningsnám, m.a. ætlað iðnmenntuðu fólki.

Vilji til að efla verk- og tæknifræði

Stefanía ræddi um samrunaferli THÍ og HR og rakti samningaviðræður um sameiningu THÍ og HR. Forsendan fyrir henni af hálfu menntamálaráðherra var sú að Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins og Verslunarráð Íslands kæmu sameiginlega að viðræðum. Stefanía taldi mikilvægt að standa vörð um núverandi námsframboð við THÍ og efla það í nýjum skóla. Auk áðurgreindra deilda verða lagadeild og kennslufræðideild í nýjum háskóla. Stefnt er að því að tækninámið eflist að mun; auk tölvunarfræði verði öflug kennsla í verk- og tæknifræði.

Háskólaþorp

Að sögn Stefáníu felur framtíðarsýn þeirra, sem vinna að stofnun nýs háskóla, í sér öflugt háskólanám á öllum stigum, öflugar rannsóknir, þróun þekkingarklasa og aðgengilegt háskólaþorp (campus) sem leyfir frekari uppbyggingu til áratuga.

„Rannsóknir þurfa að vera í takt við þróun á markaði,“ sagði Stefanía. „Nýr háskóli þarf að vera þátttakandi í alþjóðlegu þróunar- og rannsóknastarfi. Þarfir notenda eiga að vera í fyrirrúmi og skólinn þarf að vera drifkraftur í þróun íslenskra fyrirtækja.“

Rætt er um að háskólaþorpið verði í Urriðaholti, Keldnaholti, Vatnsmýri eða í Kringlunni. Stefanía taldi Kringlusvæðið tæpast raunhæft uppbyggingarsvæði nýs háskóla. Sömu leiðis taldi hún Vatnsmýrarsvæðið erfitt. Valið stæði milli Keldnaholts og Urriðaholts.

Að mati Stefáníu er hagur atvinnulífsins af því að koma að rekstri nýs háskóla ótvíráður. Þróun náms, rannsókna og nýsköpunar fyrir atvinnulífið verður markvissari. Aðkoma að rannsóknum og þróun leiðir til ávinnings fyrir atvinnulífið.

Tækifæri og ógnanir

Stefanía taldi tækifærin fjölmörg önnur. Hins vegar væri því ekki að leynd að tækifærin gætu snúist upp í ógnanir ef ekki væri rétt á spilum haldið. Stefanía nefndi að raungreinaframboð við nýjan háskóla yrði að standast samkeppni við hvaða háskóla sem væri, hérlendan sem erlendan. Ekki mætti líta á nýjan skóla sem hús heldur öflugur starfsemi þar sem allir þyrftu að leggja sitt til.

„Nýr háskóli þrífst ekki til lengdar á flottri en einfaldri ímynd,“ sagði Stefanía. „Það verður að vera ríkuleg innstæða fyrir öllu því sem hann vill vera og segist vera. Nýr háskóli verður dæmdur af verkum sínum.“

Sprotafyrirtæki vonast eftir öflugra rannsóknaumhverfi

Jón Ágúst Þorsteinsson á sæti í háskólaráði hins nýja háskóla og er jafnframt formaður Samtaka sprotafyrirtækja en slík fyrirtæki vinna við tiltekna tækni og lifa á sérþekkingu. Hann sagði áhuga Samtaka sprotafyrirtækja á nýjum háskóla tengjast því að sprotafyrirtækin séu sprottin upp úr rannsókn- og þróunarverkefnum rannsóknastofnana háskóla eða fyrirtækja.

Hátæknifyrirtæki fá að vaxa og dafna

Við mótun stefnu Samtaka sprotafyrirtækja var reynt að skilgreina hvað væri brýnast til að þau geti vaxið og dafnað í þessu umhverfi. Til varð framtíðarsýn fram til ársins 2010. „Þá sjáum við fyrir okkur að við eigum þekkingarlandið Ísland sem er með fjölbreytta flóru arðvænlegra sprotafyrirtækja í starfsumhverfi í fremstu

Menntadagur iðnaðarins 2005

Mannauður, þekking, menntun

Menntadagur iðnaðarins verður haldinn í Versölum, Hallveigarstíg 1, þriðjudag 18. janúar 2005, kl. 10-12 árdegis.

Fjallað verður um þekkingu og mannauð sem drifkraft í starfsemi fyrirtækja.

Hvernig geta fyrirtækin byggt upp sívirka þekkingarfærslu innan sinna

vébanda? Hvernig getur menntakerfið betur þjónað þörfum fyrirtækja fyrir

þróun mannauðs? Allir áhugasamir velkomnir. Sjá nánar: www.si.is



Samtök iðnaðarins



röð," sagði Jón Ágúst.

Nýi háskólinn sprottafyrirtækjum mikilvægur

Háskólinn, sem nú er að fara að stað, er eitt helsta áhugamál Samtaka sprotafyrirtækja. Honum er ætlað að aðstoða ungt fólk við að vinna að rannsóknum, stofna fyrirtæki og koma þeim á legg. „Við teljum að í fyrsta skrefi geti háskólinn komið verulega að gagni og tengt okkur við alþjóðlegt samstarf í alþjóðlegri vísindastarfssemi," segir Jón Ágúst. „Skólinn getur hjálpað okkur t.d við að sækja um verkefnastyrki og auðveldað okkur aðgang að Evrópuverkefnum."



Arðsöm sprotta- og hátækni-fyrirtæki í stafni hagvaxtar

Jón telur mikilvægt að í því nýja háskólaþorpi „campus", sem menn dreymir um, fái fólk tækifæri til að stofna fyrirtæki og vinna í nánú samstarfi við háskólann og rannsóknastofnanir. Stefnt er að því að hér á landi verði arðsöm hátækni-fyrirtæki byggð upp á sterkum sprotum og íslensk vörumerki verði í fararbroddi á sérsviðum á alþjóðlegum markaði. „Þess eru nokkur dæmi að sprotafyrirtæki hafa náð langt en þeim þarf að fjölga. Góð háskólamenntun er ein af forsendunum fyrir því að takast meggi að byggja upp hátækniíðnað," segir Jón Ágúst. „Skoða þarf hlutverk rannsóknastofnana og tengja þær betur við háskólaumhverfið."

Sterkur raungreinaháskóli

Í stefnumótun sprotafyrirtækja var lögð áhersla á að fá sterkan raungreinaháskóla, og jafnvel með samruna stofnana. „Menntunarmálið er meginverkefnið," segir Jón Ágúst. „Það þarf að koma á fót öflugum raungreinaháskóla með sameiningu skólaanna tveggja." Jón Ágúst telur að leggja verði áherslu á tækni- og verkfræði og skilgreind svið, svo sem heilbrigðisverkfræði, orkuverkfræði og framleiðsluverkfræði. Lykilhlutverk nýs háskóla hljóti að verða vísinda- og tæknirannsóknir; hann sé mikilvæg brú milli vísinda og fyrirtækja. Að mati Jóns Ágústss á skólinn að fóstara rannsóknastarfssemi og nýsköpun og hvetja nemendur til að stofna fyrirtæki á þeim grunni.

*Ingi Bogi Bogason
Þóra Kristín Jónsdóttir*

Íslenskt viðskiptaumhverfi

Á ráðgjafaráðsfundi Samtaka iðnaðarins 11. nóvember síðastliðinn kynnti Víglundur Þorsteinsson álit vinnuhóps sem stjórn SI fól að vinna um íslenskt viðskiptaumhverfi.

Tilfnið var skýrsla nefndar sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði til að fjalla um nokkra þætti í íslensku viðskiptaumhverfi en skýrslan kom út í september á þessu ári. Víglundur gerði að umtalsefni þau atriði í skýrslunni sem vinnuhópur SI taldi að Samtökin ættu að leggja áherslu á í málflytningi sínum.

Óbreytt samkeppnislög gætu orðið fyrirtækjum fjötur um fót

Víglundur sagði að iðnaður væri í harðri samkeppni, innlendri og erlendri. Á EES svæðinu væru ýmsar skilgreiningar heldur rýmri en í íslenskum samkeppnislögum. Íslensk lagasmíð einkenndist af þröngri viðmiðum sem hamla vexti iðnfyrirtækja á Íslandi. „Í raun er gengið svo langt að verði ekki gerð breyting á viðskiptaumhverfinu gæti iðnaðurinn jafnvel koðnað niður hægt og bítandi. Vilji menn útrás og öflug fyrirtæki eru vaxtartækifærin heima grundvallaratriði," sagði Víglundur.

Samkeppnisyfirlönd beini kröftum sínum að eftirliti

Víglundur sagði að vinnuhópurinn væri ósammála ýmsu í tillögum nefndarinnar. Þar væri lögð áhersla á að leyfa samkeppnisyfirlöndum að brytja fyrirtæki niður ef þau yrðu of stór. Vinnuhópurinn teldi hins vegar að samkeppnisyfirlönd eigi fremur að beina kröftum sínum að eftirliti með ólögmætri hegðun en láta skipulag fyrirtækjanna afskiptalaust og leyfa þeim að þróast og dafna eins og þeim best hentar.

„Við teljum ákaflega litla hættu á að íslenskt fyrirtæki verði of stór. Við þurfum frekar að hafa áhyggjur af því að þau séu of lítil fyrir alþjóðlegt samkeppnisumhverfi. Starfsskilyrði íslenskra fyrirtækja verða að jafnast á við það besta sem þekkist á EES svæðinu."



Neytenda- og eftirlitsþættir verði skildir að

Vinnuhópurinn vill að samkeppnisyfirlönd beiti traustu og virku eftirliti og tekur undir hugmyndir nefndar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis um að skipta upp þeim þáttum Samkeppnisstofnunar sem lúta að neytendabættinum. Eftirlit eigi best heima í neytendastofu eins og rætt hefur verið um. „Við teljum gott að Samkeppnisstofnun komi í veg fyrir ólögmætt samráð og geti tryggt að samkeppnisreglur séu virtar í landinu. Samkeppnisstofnun á að sjá um aðhaldið en ekki að eyða kröftum í að meta hvort fyrirtæki sameinist."

Rannsóknar- og dómsvald í samkeppnismálum verði skilin að

Vinnuhópurinn leggur til að viðskiptaráðuneytið setji Samkeppnisstofnun starfsreglur en hún eigi ekki að setja sér þær sjálf eins og verið hefur. Í löggjöfinni verði tekið á almennum skilyrðum um þætti til refsingar og að fyrningarreglur verði festar í lög í stað þess að sækja þær í almennu hegningarlöggjöfina.

Breytingar á hlutafélagalöggjöf

Vinnuhópurinn leggur til önnur viðmið við breytingu á hlutafélagalöggjöf en þá sem nefnd iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis byggir á. Vinnuhópurinn telur að fyrirtækjum, sem eru ekki skráð á almennum markaði, eigi að vera skylt að starfa eftir aðhaldssamari löggjöf en fyrirtæki sem kjósa ehf. formið og falli undir einfaldari löggjöf. Þá leggst hópurinn eindregið gegn því að gengið sé jafnlangt gegn starfandi stjórnarformanni og tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir með þeim rökum að það sé á ábyrgð stjórnar almenningshlutafélaga að marka stefnu en ekki einungis að hafa eftirlit með störfum framkvæmdastjóra.

Í vinnuhópnum sátu Helgi Magnússon, Hreinn Jakobsson, Jón Dýrlik Jónsson og Þorgeir Baldursson og Víglundur Þorsteinsson sem var formaður hópsins.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Félag íslenskra gullsmiða 80 ára

Hinn 19. október 1924 komu saman 24 gullsmiðir í Reykjavík og stofnuðu með sér félag sem var einfaldlega nefnt Félag íslenskra gullsmiða. Markmið félagsins var þá, og er enn, að standa vörð um réttindi íslenskra gullsmiða, viðhalda menntun þeirra og stuðla að þróun og nýsköpun í greininni.

Íslensk gull- og silfursmíði á sér rætur aftur í fornaldir. Fyrsti nafngreindi gullsmiður landsins er Hreiðar Þorgrímsson en hann keypti sér líf með því að færa Haraldi Noregskonungi grip sem hann hafði smíðað. Lengst af var aðalviðfangsefni smiða hér á landi skartið á íslensku þjóðbúningana. Steypt var í sand eftir gömlum mótum og þannig lifðu mynstrin, mann fram

af manni. Víravirkið var fyrst unnið úr snúrum, var þá snúrlagð eða kornsett. Með tilkomu „drifsmíði“ á 16. öld breyttist smíðin. Mynstrin lyftust meira upp frá fletinum og var þá talað um loftverk. Hvergi munu vera til fleiri gripir af þessari gerð en



á íslenskum söfnum og þetta handverk hérlendra gullsmiða hefur hlotið einróma lof.

Eitt elsta starfandi fagfélagið

FÍG er meðal elstu starfandi fagfélaga á landinu og að því eiga tæplega 30 gullsmíðafyrirtæki aðild. Gullsmíði er löggilt iðngrein og fagleg menntun íslenskra gullsmiða sem og metnaður þeirra við hönnun og smíði skartgripa tryggir íslenskum neytendum þau gæði sem þeir eiga heimtingu á. Ávallt hefur verið lögð áhersla á að grunnmenntun gullsmiða standi til boða hér á landi og æ fleiri gullsmiðir sækji sér frekari menntun til annarra landa. Nú stendur yfir endurskoðun námskrár gullsmiða og væntanleg er fyrsta aðgengilega kennslubókin á íslensku.

Þeim mun færari fagmenn sem gullsmiðir eru, þeim mun meira frelsi hafa þeir til að leyfa sköpunargáfunni að njóta sín. Það er ekki síst með sköpunargáfu sinni sem þeir heilla almenning. Meðal verkefna Félags íslenskra gullsmiða er einmitt að skerpa á gæðavitund almennings, stuðla að síauknum samskiptum við erlenda kollega og standa fyrir vinnuskiptum, kynningum og sýningum.

Margar konur í hópi gullsmiða

Á þeirri tæpu öld, sem FÍG hefur verið starfandi, hefur margt breyst. Nefna má nýja tækni, nýjar aðferðir en líka breytta samsetningu félagsmanna í FÍG. Um aldamótin voru 7 starfandi gullsmiðir í Reykjavík nú eru félagsmenn um 75 og flestir með aðsetur í höfuðborginni. Liðlega þriðjungur þeirra er kvenfólk og hér á landi starfa tiltölulega fleiri gullsmiðir en nokkurs staðar annars staðar, sé miðað við hina frægu höfðatölu. Á hverju ári útskrifast að jafnaði tveir sveinar. Handsmíði er enn í hávegum höfð hér á landi og íslenskir gullsmiðir smíða einkum fyrir innanlandsmarkað.

Afmælissýning FÍG, í Listasafni Kópavogs - Gerðarsafni, bar þess merki að íslensk gullsmíði stendur í miklum blóma. Verk þeirra liðlega þrjátíu gullsmíðafyrirtækja, sem þátt tóku í sýningunni, eru fagur vitnisburður þess að þær hugsjónir og þau markmið sem lagt var upp með eitt vetrarkvöld í október fyrir 80 árum lifa góðu lífi enn í dag.

Ása Gunnlaugsdóttir,
formaður FÍG



Myndirnar eru frá afmælissýningu FÍG í Listasafni Kópavogs - Gerðarsafni





Steypustöðin endurvinnur afgangsteypu


Nýlega tók Steypustöðin í notkun fyrstu endurvinnslustöðina fyrir steinsteypu á athafnasvæði sínu við Malarhöfða í Reykjavík. Þetta er í fyrsta skipti hér á landi sem afgangsteypa er flutt frá byggingarstað og komið að nýju inn í framleiðsluferlið. Í þessu



skyni hafa tæki verið keypt frá Þýskalandi.

Afgangsteypa er flutt með steypubíl í steypustöðina og þar er bætt vatni í tank bílsins til að þynna steypuna. Henni er svo dælt úr tankinum í þar til gerð tæki sem skilja sementsslammið frá steinefnunum. Þau eru svo flokkuð og vegin á nýjan leik inn í framleiðsluna með öðrum steinefnum. Þá er sementsslammið tekið og því bætt í hæfilegum skömmtum inn í framleiðsluferlið.

Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra, ræsti formlega hin nýju tæki og hrósaði Steypustöðinni fyrir



að sýna umhverfismálum slíkan áhuga.

Hannes Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Steypustöðvarinnar, sagði við þetta tækifæri, að stefna fyrirtækisins væri að endurgjalda náttúrunni fyrri afnot og stuðla að betra umhverfi. Með opnun endurvinnslustöðvarinnar væri stigið stórt skref í þá átt.

Eyjólfur Bjarnason

Tannsmiðadagur 2004

Tannsmiðafélag Íslands hélt Tannsmiðadag í fjórða sinn 16. október síðastliðinn. Dagurinn hefur fest sig í sessi sem vettvangur þar sem tannsmiðir hittast, fræðast og njóta faglegrar umræðu. Líta má á Tannsmiðadaginn sem lið í endurmenntun tannsmiða því að fluttir eru áhugaverðir fyrirlestrar um fagið og fyrirtæki kynna vörur sem tengjast tannsmíði.

Formleg dagskrá Tannsmiðadagsins í ár hófst með fróðlegu erindi Magnúsar Björnssonar, tannlæknis um bráðabirgðaparta. Hann hvatti tannsmiði til að vera ófeimnir við að gagnrýna máttöku og sýna frumkvæði í hönnun og ýmsum lausnum hvað smíðina varðar til að tryggja fagleg vinnubrögð.

Aðalfyrirlesari dagsins var Sören Ahlmann, danskur tannsmiður og annar eigenda Tannsmiðaverkstæðisins Codent í Árhúsum. Sören hefur haldið fjölmarga fyrirlestra og námskeið víða um heim á sviði tannsmíða og hefur skrifað kennslubækur um sama efni. Í erindi sínu fjallaði Sören um tannplantafræðina fyrir góma, krónur og brýr.

Sæmundur Hafsteinsson, sálfræðingur,



Að loknum velheppnuðum Tannsmiðadegi, Sören Ahlmann aðalfyrirlesari og Berta Hannesdóttir

flutti í lokin áhugaverðan fyrirlestur um mikilvægi sjálfstrausts og eðli samskipta.

Á Tannsmiðadaginn í ár voru tillögur um nýtt kennimerki Tannsmiðafélagsins bornar undir atkvæði og verður valið milli þriggja hlutskörpustu tillagnanna bornar undir atkvæði á aðalfundi félagsins vorið 2005.

Að lokinni formlegri dagskrá var haldinn hátíðarkvöldverður tannsmíða, þar sem

þátttakendur báru saman bækur sínar og nutu skemmtidagsskrár sem stjórn félagsins og skemmtikraftar höfðu veg og vanda af.

Tannsmiðadagurinn hefur verið mjög vel sóttur frá upphafi en dagskráin hefur verið opin tannsmíðum og tannlæknum.

Soffía Halldórsdóttir, formaður Tannsmiðafélags Íslands



Reynir Þorleifsson formaður LABAK og Hjálmar Jónsson afhentu Halldóri Ásgrímsson forsætisráðherra fullveldiskökuna í tilefni dagsins

Fullveldiskakan fær góðar viðtökur



Nú í desember stendur yfir átakið „Veljum íslenskt í bakaríum um jólin.“ Öll bakarí í Landssambandi bakameistara eru skreytt að hætti átaksins og forsvarsmenn fyrirtækjanna hafa lagt sig fram um að gera búðirnar jólalegar.

Liður í átaki bakameistara er fullveldiskakan en sala hennar hófst á fullveldis-

daginn, 1. desember. Af því tilefni færðu stjórnarmenn í landssambandinu Halldóri Ásgrímssyni, forsætisráðherra, fullveldisköku að morgni fullveldisdagsins. Gerður var góður rómur að kökunni í stjórnarráðinu.

Viðtökur almennings við kökunni hafa verið framar björtustu vonum. Á fullveldisdaginn rann kakan út hvarvetna og margir bakarar urðu uppiskroppa. Þann dag bakaði formaður landssambandsins, Reynir Carl Þorleifsson, t.d. 60 kökur sem allar seldust og einnig var mikil sala helgina á eftir. Sömu sögu er að segja úr öðrum bakaríum en mörg hafa naumast annað eftirspurn. Kakan verður áfram til sölu í bakaríum innan Landssambands bakara-



Berglind Rós Guðmundsdóttir Fjarðarbakarí í skreyttri búðinni

meistara, a.m.k. út desembermánuð.

Ragneiður Héðinsdóttir

SI

Samtök iðnaðarins

Nýir félagsmenn

Víkurfrettir ehf.
Grundarvegi 23
230 Reykjanesbær
Dagblaðaútgáfa

SagaMedica - Heilsujurtir ehf.
Brautarlandi 10
108 Reykjavík
Þróun, framleiðsla og markaðs-
setning náttúruvara



Norrænir ráðherrar álykta um matvæli

Matvælaráðherrar á Norðurlöndum héldu fund á Akureyri í ágúst mánuði síðastliðnum. Á fundinum voru samþykkt ný norræn tilmæli í manneldismálum og ákveðið að leggja sérstaka áherslu á að hrinda af stað norrænu samstarfi um matvælarannsóknir sem byggja á því samstarfi sem fyrir er á þessu sviði. Ráðherrarnir ræddu einnig hið sívaxandi offituvandamál, ekki síst meðal barna og unglunga. Ákveðið var að hefja vinnu við að móta norræna framkvæmdaáætlun um betri heilsu og lífsgæði fyrir tilstilli matar og hreyfingar og er áætlað að áætlunin verði kynnt árið 2005. Ályktun fundarins hefur verið þýdd yfir á íslensku er hana að finna á vef umhverfisráðuneytisins á slóðinni:

www.umhverfisraduneyti.is/frettir/Ymislegt_forsida/nr/598.